

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 234, 8. mars 2004, um humarveiðar.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 4. gr. bætist ný mgr. sem orðast svo: Sé notuð tveggja belgja humarvarpa skal tveimur ferhyrndum netstykkið hnyttum á legg komið fyrir í hvorum belg vörpunnar sömu stærðar og þau fest eins og kveðið er á um í 1. mgr. Þó skal aftara innra horn fremri netstykkið festa ekki fjær miðleisi en nemur 40 möskvum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. maí 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

12. maí 2004

Nr. 409

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 271, 17. mars 2004,
um veiðar úr úthafskarfastofnum 2004.**

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Stundi skip veiðar með flotvörpu á svæðum, sem skilgreind eru í 1.-2. mgr. þessarar greinar, reiknast allur karfaafli skipsins til aflamarks skipsins í úthafskarfa samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. maí 1996, um fiskveiðar utan lögsögu og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn veiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. maí 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.